



FRÉTTIR ÚR RAUÐA HÓLFINU

Þann 3. nóvember voru settar reglur um að hólfa skyldi bekkji í skólum landsins vegna hertra aðgerða við Covid - útbreiðslu. Við í 5. og 6. bekk vorum sett í rauða hólfid og fengum þrjá spræka kennara til að vera með okkur. Við erum í færri kennslustundum og erum bara í íslensku, stærðfræði, ensku og þema. Við förum líka í gönguferðir, hugleiðslu, frísbíggolf og leikum okkur í snjónum. Við dustuðum líka rykið af gömlu Bob-borði sem fannst í geymslu og nýtum allar frístundir til að spila. Föstudaginn 13. nóv. höfðum við æsispenningi Bob-mót og Sólrún Assa stóð uppi sem Bob-meistari bekkjanna eftir ótrúlega spennandi einvígi við Guðmund.

Mánudaginn 9. nóv. barst okkur áskorun frá Grunnskóla Breiðdals- og Stöðvarfjarðar um að koma fram í Krakkasvarinu á Rúv og auðvitað tókum við þeirri áskorun. Við bjuggum til myndband og það var spurt okkur að því hvaða lag við myndum oftast fá á heilann. Þeir sem vilja horfa á okkur geta horft á þáttinn Krakkafréttir sem sýndur var fimmtudaginn 12. nóv. og svo má finna slóðina inni á heimasíðu Valsárskóla. Við skoruðum á Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar um að koma með næsta innlegg í krakkasvarinu þar sem Sebastian, gamli skólafélagi okkar, er nú í þeim skóla.

Þó að það sé búið að vera gaman hjá okkur vonum við að ástandið lagist sem fyrst og allt skólalald verði eðlilegt á ný. Eigið góðar stundir, haldið ykkur heima og hlýðið Víði ;) Kveðja frá nemendum í 5. og 6. bekk

NÆSTU RUSLADAGAR

26. nóvember - Endurvinnsla og almennt/lífrænt sorp

10. desember - Almenn/lífrænt sorp

Fjölskyldumix



FJÁRÖFLUN FYRIR ÚTSKRIFTARFERÐ

Nemendur 8. og 9. bekkjar í Valsárskóla bjóða upp ís frá Kjörís. Þú færð fjóra græna frostpinna, fjóra lúxus vanillu íspinna, fjóra kirsuberja hlunka og fjóra lúxus súkkulaði toppa. Allt þetta í einum pakka!

Pakkinn kostar 3.000 kr.

Hægt er að hafa samband við nemendur og foreldra 8. og 9. bekkjar til að panta en einnig má hafa samband við Þórdísi Evu Þórólfsdóttur S: 897 2162, Lindu Stefánsdóttur S: 868 1354

FJÁRÖFLUN FYRIR ÚTSKRIFTARFERÐ

Nemendur 8. og 9. bekkjar í Valsárskóla bjóða upp á tvær mismunandi gerðir af hágæða klósettappír frá Marcal.

Mjúkur og þægilegur pappír sem er 100% umhverfisvænn og endurunninn. Marcal hefur hlotið gæðavottun frá Green Seal®

<p>Pakki 1</p> <p>2ja laga pappír 48 rúllur 506 blöð á hverri rúllu</p> <p>6.900 kr.</p>	<p>Pakki 2</p> <p>2ja laga pappír 36 rúllur 306 blöð á hverri rúllu</p> <p>4.900 kr.</p>
--	--



Hægt er að hafa samband við nemendur og foreldra 8. og 9. bekkjar til að panta en einnig má hafa samband við Birgi Ingason S: 864 1237, Lindu Stefánsdóttur S: 868 1354, Kristján Árnason S: 868 2376



FJÁRÖFLUN FYRIR ÚTSKRIFTARFERÐ

Nemendur 8. og 9. bekkjar í Valsárskóla bjóða upp á handspritt frá Númer eitt. 75 % handspritt sem er framleitt og pakkað á Íslandi.

Það inniheldur bæði Ilmkjarna- og Hafþyrnisolíur sem vinna á móti þurrkandi áhrifum spritt notkunar, vernda húðina og veita mýkt og raka.

Tvær tegundir í boði með dásamlegum ilm, lavender og sítróna. Sóttþreinsar, bætir og nærir þurrar hendur. Ein flaska inniheldur 300ml.

 númer eitt

Verð 1.500 kr.

Hægt er að hafa samband við nemendur og foreldra 8. og 9. bekkjar til að panta en einnig má hafa samband við Kjartan Pálsson S: 863 1111, Lindu Stefánsdóttur S: 868 1354.



BLÚNDUR OG BLÓM

Kæru Ströndungar.

Í ljósi aðstæðna bjóðum við ykkur upp á fría heimkeyrslu á vörum Blúndu og blóma að dyrum eða póstkassa fram að jólum. Einnig velkomið að líta við hér í Sigluvík og sækja.

Fallegar og nýtsamlegar smágjafir fyrir flest tækifæri, - úrval dagatala fyrir árið 2021, Afmælisdagatal, Orðaperlur til þín (gullkornastokkur), jólakort, tækifæriskort og samúðarkort.

Allar vörurnar eru prentaðar í svansvottuðu prentsmiðjunni Ásprent á Akureyri. Velkomið að skoða í vefversluninni www.blundurogblom.is -panta síðan í skilaboðum þar, á facebook síðunni Blúndur og blóm eða með tölvupósti í kristinsolveig@simnet.is.



Fjölskyldan Sigluvík

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 15. desember.

Skilafrestur er til kl. 15:00 sunnudaginn 13. desember.

Efni sendist á sandra.einars@gmail.com.